

8. gr.

Lögreglustjóri getur í einstökum tilvikum heimilað rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari, þegar hann telur sérstakar ástæður til m.a. þegar ákveðið er, að ágóði af sölu renni til almenningsheilla.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 4. gr. skal greiða sérstakt gjald til sveitarsjóðs sem hreppsnefnd ákveður til eins árs í senn. Gjaldið skal greitt fyrirfram fyrir hvert almanaksár og gjalddagi vera 15. janúar ár hvert. Sé gjaldið ekki greitt á gjalddaga, skal leyfið úr gildi.

10. gr.

Ef leyfishafi sbr. 4. gr., brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem hreppsnefnd, heilbrigðisnefnd eða lögreglustjóri kunna að setja fyrir leyfi eða ef rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, má hreppsnefnd svipta leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun, jafnframt má ákveða, að leyfi verði ekki veitt til slíks rekstrar á viðkomandi stað um tiltekinn tíma.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að kr. 10 000, sem renna í sveitarsjóð. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17 frá 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða öðlast þegar gildi, með þeim takmörkum sem lög nr. 45 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 58 frá 1966, um lokunartíma sölubúða og sölustaða í Ólafsvík.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með áorðnum breytingum skulu hækka um 9% frá 1. nóv. 1976 frá því sem þær voru í okt. 1976. Greiðslur samkvæmt 73. gr. skulu breytast með sama hætti.

Hámark tekjutryggingar (uppbót á lífeyri) samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skal hækka um 9% frá sama tíma. Skertar tekjutryggingar umreiknast samkvæmt því.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. gr. laga nr. 67/1971.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. október 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.